

A 1731/tillväxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin**Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um virkan norrænan vinnumarkað****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1731 um virkan norrænan vinnumarkað.

Forsaga

Í ágúst 2017 lagði flokkahópur miðjumanna fram þingmannatillögu þar sem lagt var til að endurskoða norræna samninginn um sameiginlegan vinnumarkað frá 1982 og bókun við hann til að samræma hann kröfum dagsins í dag.

Flokkahópur miðjumanna lagði til í þingmannatillögu sinni að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi sem fyrst af stað vinnu að endurskoðun/uppfærslu samningsins frá 1982, sem tók gildi 1983, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ásamt bókunum honum tengdum;

að hún skoði alla aðra samninga og bókanir, svo þær standi ekki í vegi fyrir nútímalegu og skilvirku samstarfi.

Álit nefndarinnar

Fyrsta skref í undirbúningi þingmannatillögunnar var að nefndin lagði skriflega fyrirspurn fyrir vinnumarkaðsráðherra norrænu landanna, til að kanna hvort einhverjar ESB-gerðir kynnu að takmarka slíka norræna endurskoðun eða gerð nýrra norrænna samninga á vinnumarkaðssviði.

Í svari sem barst í febrúar 2018 kom fram að samkvæmt lögfræðimati sem gert var 2003-2005, hefur ESB óskiptar valdheimildir á vinnumarkaðssviði eftir inngöngu í Evrópusambandið og að möguleikar Norðurlandanna til að gera samninga á þessu sviði eða endurskoða þá eru mjög takmarkaðir. Einnig er bent á að úreltur texti í norræna samningnum sé ekki notaður og sé því ekki vandamál í raun. Í staðinn var bent á að í dag er norrænu samstarfi á vinnumarkaðssviði stjórnað með samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar til margra ára.



Skriflegu fyrirspurnina og svarið í heild sinni má lesa hér:
<http://www.norden.org/is/nordurlandarad/mal-og-skjoel/e-23-2017>.

Þannig kaus nefndin einróma að leggja til að Norðurlandaráð aðhefðist ekki frekar vegna málsins.

Tornio, Finnlandi þann 26. júní 2018

Hanne Dyveke Søttar (FrP)

Håkan Svenneling (V)

Juho Eerola (saf)

Katri Kulmuni (cent)

Lena Asplund (M)

Mikael Staffas (Lib)

Ólafur Ísleifsson (Flf)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Solfrid Lerbrekk (SV)

Stein Erik Lauvås (A)

Ville Skinnari (sd)